

Nd.

**68. Frumvarp til laga**

[62. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gils Guðmundsson, Jón Skaftason,  
Benedikt Gröndal.

**1. gr.**

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

**2. gr.**

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitar-  
sjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta var lagt fram í lok síðasta þings, en komst ekki á dagskrá. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Á fundi bæjarstjórnar 5. nóvember 1974 var samþykkt áskorun til Alþingis þess efnis, að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra. Hafa þessi tilmæli verið itrekuð við menntamálaráðherra og viðræður hafa farið fram um málið milli bæjaryfirvalda og þingmanna kjördæmisins.

Árið 1969 stofnaði Hafnarfjarðarbær eigin fræðsluskrifstofu. Jafnframt réð bærinn fræðslustjóra, samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Hafnarfjörður hafði því að eigin frumkvæði komið þessari stjórnunar- og þjónustu-  
aðstöðu upp í sínum skólamálaum mörögum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi. Er eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þessari aðstöðu sinni áfram.

Þegar frumvarp til laga um grunnskóla var til meðferðar á síðustu dögum þingsins vorið 1974, lá einnig fyrir Alþingi frumvarp til laga um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hafði það frumvarp hlotið afgreiðslu í fyrri þingdeild ágreiningslítið. Allmörg ákvæði í grunnskólafrumvarpinu voru við það miðuð, að landshlutasamtökunum yrði markað ákveðið hlutverk með lögum. Lög um landshlutasamtök hafa hins vegar ekki verið sett.

Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikili hlutverk sem kosningu í fræðsluráð. Frumvarp þetta bætir ekki þá annmarka grunnskóla-  
laga, sem stafa af því, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa ekki fengið lögfestingu. Hins vegar opnar það leið fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að halda áfram fræðsluskrifstofu í skólahéraði sínu, en það verður að teljast mikilvægt, m. a. vegna þess, að Hafnarfjörður á ekki aðild að samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og hefur því engin áhrif í fræðsluráði umdæmisins. Auk þess má benda á, að íbúafjöldi Hafnarfjarðar er um 12 000 eða meiri en í sumum fræðsluumdæmum eða kjördæmum.